

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Grindavíkurbæ.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Viðihlíðar – Austurvegur 5.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Grindavíkurbæjar á fundi sínum 25. ágúst 2026 óverulega breytingu á deiliskipulagi Viðihlíðar. Breytingin felst í leiðréttingu á lóðamörkum Austurvegar 5 og stofnun nýrrar lóðar umhverfis félagsheimili aldraðra sem fær staðfangið Austurvegur 7. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Grindavíkurbæ, 28. ágúst 2026.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Elísabet Bjarnadóttir, sérfræðingur á skipulags- og umhverfissviði.

B deild - Útgáfudagur: 28. ágúst 2026